

# Frumvarp til laga

um

**almennan kosningarjett til alþingis.**

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Aukaútsvarsgreiðsla skal eigi lengur vera skilyrði fyrir kosningarjetti til alþingis (sbr. 6. gr. b. í stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903).

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

---

**Astæður fyrir lagafrumvarpi þessu.**

Með stjórnarskipunarlögunum frá 3. okt. 1903 var rýmkað um kosningarjettinn til alþingis þannig, að útsvarstakmark kaupstaðarborgara var lækkað

um helming og útsvarstakmark þurrabúðarmanna um tvo þriðjunga. Jafnframt var leyft að afnema alveg aukaútsvarsgreiðsluna sem skilyrði fyrir kosningarjetti, með almennum lögum. Eins og 17. gr. stjórnarskrárinnar nú er, hafa samkvæmt lið b. kosningarjett allir karlmenn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum um 25 ára aldur, óflekkað mannorð, heimilisfestu í kjördæminu eitt ár, óskert fjárráð og skuldleysi af sveitarstyrk, ef þeir greiða 4 kr. á ári sem aukaútsvar. Sje ákvörðunin um útsvarsgreiðsluna feld burtu, verður reglan ein og óbrotin sú, að allir karlmenn í sjálfstæðri stöðu, sem fullnægja framangreindum almennu skilyrðum, hafi kosningarjettinn, og eru liðirnir a., c., og d. í 17. gr. stjórnarskrárinnar þá óþarfir. Að visu er kosningarjetturinn ekki í sannleika almennur, nema konur hafi hann jafnt og karlar, eins og farið var fram á í frumvarpi minni hlutans á alþingi 1901, og það jafnt, hvort menn vinna fyrir sjer í hjúastjett eða á annan heiðarlegan hátt. En samkvæmt stjórnarskránni verður slíks eigi farið á flot í almennum lögum, og með því að það er almenn máltýska erlendis að nefna almennan kosningarjett, ef eigi er bundinn við *census*, þ. e. vissa fjäreign eða gjaldhæð, þá hefur fyrirsögn þessa frumvarps verið hagað eptir því.

Ástæðan fyrir því að stjórnin kemur fram með þetta frumvarp er sú, að henni virðist auðsætt, að með slíku ákvæði sem takmörkun kosningarjettar við 4 krónu útsvarsgreiðslu getur ekki fengist nein aukin trygging fyrir þroska eða sjálfstæði kjósendanna, en að hinsvegar getur stafað af því mikið og óviðfeldið misrjetti. Bæði er útsvarið eptir eðli sinu óeðlilegur mælikvarði til að miða pólitísk rjettindi við, því að það er handahófsgjald, sett eptir ágiskun um efni og ástæður, sem opt hefur litið við að styðjast, og þegar svo lágt er komið, sem niður í 4 kr. útsvar, verður mjótt mundangshófið, og allmikið komið undir geðþótta þeirra, sem niður jafna, hvort gjaldandinn er látinn ná kosningarjettartakmarki eða ekki. En auk þess fer útsvarsupphæðin eigi að eins eptir efna-hag gjaldenda, heldur fult eins mikið eptir útgjaldþörf sveitafjelags þess, sem hlut á að máli, svo að vel má vera, að maður, sem í einum hreppi ekki er settur í 4 kr. útsvar, mundi verða settur í miklu herra útsvar í næsta hreppi, af því þar er meiri fátækrabyrði, afborgun lána eða eitthvað þvml. Auk þess er útsvarsgreiðslan ekki rjettur mælikvarði fyrir því, hve mikið gjaldandi greiði til almenningsþarfa landsins, því að margur fátæklingurinn, sem þungt hefur heimili fram að færa og að eins verst sveit, greiðir í óbeinum sköttum meira í landssjóð, en einhleytingur, sem greiðir 4 kr. útsvar, og á því frá því sjónarmiði meiri rjett á því að eiga hlutdeild í fulltrúakosningum til meðferðar á landsfje, en hinn.

Verði frumvarpið samþykkt, yrðu þeir, sem nú eru útilokaðir frá kosningarétti af því að þeir greiða ekki fullar 4 kr. í aukaútsvar, teknir á kjörskrár þær, sem tilbúnar verða í janúar 1908, og nytu kosningarjettar við þær kosningar, er fram fara eptir 1. júlí það ár.